

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

598. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 11. maí 2009 kl. 13:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við Odd Gíslason, félagsmálastjóra og Henrike Wappler, starfsmann félagsþjónustu.
2. Útskrift úr bókhaldi. Upplýsingar frá skrifstofu.
3. Sumarstörf hjá Húnaþingi vestra. Forstöðumaður tæknideildar og umhverfisstjóri.
4. Rekstur tjaldsvæðis í Kirkjuhvammi sumarið 2009.
5. Fundargerð aðalfundar Farskólans, miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra.
6. Samráðsfundur sveitarfélaga um efnahagsvandann.
7. Bréf H.H. gámaþjónustu ehf.
8. Erindi Jóhannesar Björnssonar.
9. Erindi Húnakorns ehf.

Afgreiðslur:

1. Oddur Gíslason, félagsmálastjóri og Henrike Wappler starfsmaður félagsþjónustu eru mætt til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir stöðu mála í sveitarfélaginu sem varða félagsþjónustuna og fyrirhugaða ráðningu þroskaþjálfara
2. Lögð fram og farið yfir útskrift úr bókhaldi sveitarfélagsins.
3. Forstöðumaður tæknideildar Ólafur H. Stefánsson og umhverfisstjóri Birgit Kositzke mæta til fundarins. Farið yfir ráðningu sumarstarfsmanna. Samþykkt að fela starfsmönnum að undirbúa átaksverkefni fyrir þá umsækjendur sem ekki hafa fengið sumarvinnu.
4. Lögð fram drög að samningi sem gildir frá 15. maí til 15. september 2009 við Sigurð Hólmi Arnarson um rekstur tjaldsvæðis í Kirkjuhvammi. Samningurinn samþykktur.
5. Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Farskólans, miðstöðvar á Norðurlandi vestra.
6. Lagt fram fundarboð á samráðsfund sveitarfélaga um efnahagsmál sem haldinn verður 13. maí n.k.
7. Lagt fram bréf frá HH gámaþjónustunni ehf. dags 5. maí 2009 varðandi gámavöll. Erindinu vísað til tæknideildar.
8. Lagt fram bréf frá Jóhannesi Björnssyni dags 27.04.2009 um rökstuðning vegna innheimtu sorphirðugjalda. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
9. Lagt fram bréf frá Húnakorni ehf. Beiðni um fjárstyrk. Samþykkt að boða fulltrúa Húnakorns til fundar við byggðarráð.

Rakel Runólfsdóttir var við afgreiðslu 1. og 4. dagskrárliðar og vék af fundi kl. 14:05

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:10

Elín R. Líndal(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),

Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),
Rakel Runólfsdóttir(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).